

Eftirlit - Tannhvítunarvörur á vefsíðum

Dagsetning	12. ágúst 2020
Fyrirtæki	Daríá ehf
Heimilisfang	Fjarðargötu 13-15, 220 220 Hafnarfjörður
Kennitala	6309972919
Starfsemi	Smásala
Eftirlitsstaður	Fjarðargötu 13-15
Fulltrúi fyrirtækis á vettvangi	Jóhanna Ósk Þorsteinsdóttir
Fulltrúi UST	Fífa Konráðsdóttir
Tegund eftirlits	Efnaeftirlit
Tengiliður fyrirtækis	Jóhanna Ósk Þorsteinsdóttir

SAMANTEKT

Umhverfisstofnun fór í eftirlit með tannhvítunarvörum sem eru boðnar til sölu til almennings á vefsíðum og fór eftirlitið fram hjá Daríá ehf þann 12.8.2020. Skoðaðar voru 3 vörur sem féllu undir umfang eftirlitsins. Engar vörur fundust sem innihéldu vetnisperoxíð yfir leyfilegum mörkum í úrtakinu.

UMFANG EFTIRLITS

Umhverfisstofnun vísar í bréf stofnunarinnar, dags. 12.8.2020, þar sem kynnt var eftirlitsverkefni með tannhvítunarefnum sem boðin eru til sölu, sbr. hlutverk Umhverfisstofnunar með framkvæmd efnalaga nr. 61/2013 og reglugerðar nr. 577/2013 um snyrtivörur sem innleiðir reglugerð (EB) nr. 1223/2009 um snyrtivörur hér á landi. Eftirlitið fór fram 12.8.2020 og var markmið þess að skoða hvort vörur til tannhvítunar sem eru boðnar til sölu til almennings innihéldu vetnisperoxíð yfir leyfilegum mörkum (> 0,1% af heildarþyngd efnablöndu tilbúin til notkunar). Ef vörur til tannhvítunar innihalda vetnisperoxíð eða ígildi þess á bilinu 0,1% - 6% má eingöngu selja þær tannlæknum og skal fyrsta notkunin í hverri notkunarlotu eingöngu framkvæmd af tannlækni eða undir beinu eftirliti hans. Efni sem notuð eru til tannhvítunar og losa vetnisperoxíð eru m.a. *carbamide peroxide*, *6-pthalamido-peroxy-hexonic acid* og *sodium perborat*.

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Eftirtaldar vörur sem falla undir umfang eftirlitsins voru skoðaðar:

Vara
Carbon Coco Natural teeth whitening original
Carbon Coco Natural teeth whitening sweet mint
Carbon Coco organic oil pulling

Carbon Coco vörurnar sem féllu undir umfang eftirlitsins innihéldu ekki peroxíð né efni sem losa peroxíð við niðurbrot. Í úrtaki eftirlitsins fannst því engin vara með óleyfilegum styrk peroxíðs á vefsíðunni daria.is.

ÁBENDINGAR

Við markaðssetningu snyrtivara þarf að ganga úr skugga um að þær uppfylli skilyrði um merkingar í reglugerð nr. 577/2013 um snyrtivörur sem innleiðir reglugerð (EB) nr. 1223/2009. Við fyrstu markaðssetningu snyrtivöru innan Evrópska efnahagssvæðisins skal tilkynna ábyrgðaraðila og tilkynna snyrtivöruna í snyrtivöruvefgátt ESB (CPNP). Ábyrgðaraðili ber ábyrgð á markaðssetningu vörunnar innan Evrópska efnahagssvæðisins og að hún uppfylli skilyrði reglugerðarinnar. Á merkimiða skal koma fram nafn og heimilisfang ábyrgðaraðila, upprunaland ef um innflutta snyrtivöru er að ræða frá ríki utan Evrópska efnahagssvæðisins (EES), magn við pökkun, geymsluþol vöru, notkunarskilyrði samkvæmt III. viðauka reglugerðar nr. 1223/2009 og skrá yfir innihaldsefni í lækkandi röð eftir hlutfalli í vöru. Upplýsingar sem eiga að koma fram á íláti og umbúðum snyrtivara eru taldar upp í 19. gr. reglugerðar nr. 1223/2009.

Reykjavík, 24. september 2020



Fífa Konráðsdóttir